

## Tillögur stjórnar til breytinga á samþykktum Birtu lífeyrissjóðs á ársfundi 19. maí 2021\*

5.1.1 Fulltrúar launamanna og samtaka atvinnurekenda skulu hvorir um sig starfrækja valnefnd (uppstillingarnefnd) sem fjallar um hæfi einstaklinga sem gefið hafa kost á sér til stjórnarstarfa. Tilnefningaraðilar skulu óska eftir starfskröftum hæfra einstaklinga til stjórnarstarfa með auglýsingum og almennri hvatningu og haga störfum sínum skv. því sem nánar greinir í kjarasamningi ASÍ og SA um lífeyrismál frá 12. desember 1995, með síðari breytingum, sbr. [samkomulag dags. 24. apríl 2018](#).

5.1.2 Fulltrúar samtaka atvinnurekenda skulu tilnefndir af framkvæmdastjórn Samtaka atvinnulífsins, að undangenginni umfjöllun og tilnefningu valnefndar, og skulu tilnefningarnar staðfestar af fulltrúaráði atvinnurekenda. Skal hlutfall kynja vera í samræmi við ákvæði laga. Fulltrúar í stjórn skulu tilnefndir að höfðu samráði við aðildarfélög sjóðsins og aðildarfyrirtæki, sbr. B hluta 4. gr. Láti stjórnarmaður af störfum áður en kjörtímabili hans lýkur, skal framkvæmdastjórn Samtaka atvinnulífsins tilnefna nýjan stjórnarmann samkvæmt sömu skilyrðum og áður og skal hann sitja út kjörtímabil fráfarandi stjórnarmanns. [Tilnefningaraðila er heimilt að fresta tilnefningu stjórnarmanns fram að næsta ársfundi, svo fremi stjórnin sé ákvörðunarbær með þeim stjórnarmönnum og varamönnum sem eftir eru.](#)

5.1.3 Fulltrúar launamanna skulu kjörnir á sérstökum kjörfundi sem haldinn skal minnst viku fyrir ársfund lífeyrissjóðsins, sbr. ákvæði 6.3.1. Um rétt til að greiða atkvæði á þeim fundi fer eftir gr. 6.3.1. Þeir einstaklingar sem flest atkvæði fá, og uppfylla kröfur í þau stjórnarsæti sem kosið er til teljast kjörnir í stjórn lífeyrissjóðsins. Láti stjórnarmaður af störfum áður en kjörtímabili hans lýkur, skal kjörnefnd tilnefna nýjan stjórnarmann að fenginni tilnefningu valnefndar samkvæmt gr. [5.108 og með staðfestingu fulltrúaráðs](#) og skal hann sitja út kjörtímabil fráfarandi stjórnarmanns. [Tilnefningaraðila er heimilt að fresta tilnefningu stjórnarmanns fram að næsta ársfundi, svo fremi stjórnin sé ákvörðunarbær með þeim stjórnarmönnum og varamönnum sem eftir eru.](#) Eigendur fyrirtækja, æðstu stjórnendur, stjórnarmenn og aðilar nákomnir þeim geta ekki orðið fulltrúar launamanna í stjórn. Framboð til stjórnar skulu afhent valnefnd sem skipuð er samkvæmt gr. [5.109](#) í síðasta lagi sex vikum fyrir kjörfund.

5.3 Stjórnarmenn lífeyrissjóða skulu vera lögráða, fjárhagslega sjálfstæðir, hafa [gott orðspor](#) ~~éflekkæð mannorð~~ og mega ekki á síðustu fimm árum hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota. Þeir mega ekki í tengslum við atvinnurekstur hafa hlotið

dóm á síðustu tíu árum fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrotaskipti o.fl. eða ákvæðum laga er varða opinber gjöld, svo og sérlögum um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi. Stjórnarmenn skulu vera búsettir hér á landi, í aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum. Fjármálaeftirlitið–Seðlabanki Íslands setur reglur um fjárhagslegt sjálfstæði stjórnarmanna og framkvæmdastjóra. Stjórnarmenn skulu búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta sinnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt. Stjórnarmenn skulu jafnframt fullnægja hæfisskilyrðum laga nr. 129/1997. Um hæfi stjórnarmanns til meðferðar máls fer eftir ákvæðum II. kafla stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Aukinn meirihluti stjórnar skal skipaður virkum sjóðfélögum.

#### Ný grein 5.4

Óheimilt er að afturkalla umboð stjórnarmanns á kjörtímabilinu, nema hann bresti hæfi til að gegna stjórnarsetu samkvæmt lögum, sbr. gr. 5.3 eða samþykktum þessum. Tilnefningaraðili skal tilkynna stjórn sjóðsins með formlegum hætti rökstudda ákvörðun með tilvísun í viðeigandi lagaákvæði, samþykktir eða reglur. Afturkalli tilnefningaraðili umboð stjórnarmanns skal fulltrúaráð þess aðila staðfesta þá ákvörðun ásamt tilnefningu nýs stjórnarmanns fram að næsta ársfundi. Tilnefningaraðilar eru Samtök atvinnulífsins annars vegar og valnefnd launamanna hins vegar, sbr. gr. 5.1.1 til 5.1.3. Tilnefningaraðila er heimilt að fresta tilnefningu stjórnarmanns fram að næsta ársfundi, svo fremi stjórnin sé ákvörðunarþær með þeim stjórnarmönnum og varamönnum sem eftir eru.

5.87.2 Stjórnarmenn og starfsmenn sjóðsins skulu ekki sitja í stjórnnum atvinnufyrirtækja í umboði hans. Þetta gildir þó ekki um fyrirtæki sem stofnuð eru til að sinna sérstökum þáttum í starfsemi sjóðsins. Um verkefni, hæfi stjórnar og framkvæmdastjóra fer að öðru leyti en hér segir eftir lögum nr. 129/1997, stjórnvaldsfyrirmælum og kjarasamningi ASÍ og SA um lífeyrismál frá 12. desember 1995, með síðari breytingum, ~~sbr. samkomulag dags. 24. apríl 2018.~~ Stjórn sjóðsins skal jafnframt taka mið af Leiðbeiningum um góða stjórnarhætti.

#### **Greinargerð með tillögum til breytinga á samþykktum Birtu Isj.**

Lagt er til að ný gr. 5.4 verði tekin upp í samþykktir sjóðsins þar sem fram kemur að óheimilt sé að afturkalla umboð stjórnarmanns á kjörtímabilinu nema stjórnarmann bresti hæfi skv. lögum eða samþykktum til að gegna stjórnarsetu. Þá er því lýst hvernig staðið skuli að slíkri afturköllun og tilnefningu nýs

stjórnarmanns og jafnframt hvaða heimildir til undanþágu gilda frá skipan nýs stjórnarmanns. Samhliða eru lagðar til breytingar á núverandi gr. 5.1.2 og 5.1.3 sem lúta að því þegar stjórnarmaður lætur af störfum af öðrum ástæðum en snúa beinlínis að afturköllun umboðs og varða heimildir til frestunar á skipan nýs stjórnarmanns, sbr. efnisákvæði gr. 5.4. Þá eru lagðar til breytingar á gr. 5.3 sem leiða af breytingum sem áður hafa verið gerðar á 31. gr. laga nr. 129/1997.<sup>1</sup> Þá eru enn fremur lagðar til breytingar á gr. 5.1.1 og gr. 5.7.2 sem leiða af nýjum viðauka aðila vinnumarkaðarins, dags. 4. mars 2021 við áður undirritað samkomulag um breytingar á kjarasamningi Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um lífeyrismál frá 12. desember 1995, sbr. 24. apríl 2018.

Tölusetning einstakra ákvæða 5. gr. sem á eftir koma taka samsvarandi breytingum.

\*\*\*

Breytingin er lögð til í framhaldi af dreifibréfi fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, dags. 3. júlí 2019 og í kjölfarið athugunar stofnunarinnar á því hvort sjálfstæði stjórnarmanna lífeyrissjóða sé nægilega tryggt í samþykktum sjóðanna. Niðurstaða fjármálaeftirlits Seðlabankans, sem kynnt var með bréfi dags. 17. febrúar sl. var sú að skerpa þyrfti á ákvæðum samþykktu um hvort, hvernig og við hvaða aðstæður umboð stjórnarmanna verði aftukallað. Hinn 4. mars sl. gerðu Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins með sér samkomulag um breytingar á kjarasamningi um lífeyrismál frá 12. desember 1995, sbr. 24. apríl 2018. Er þar að finna efnisreglur um afturköllun umboðs stjórnarmanna og um hæfi stjórnarmanna. Framlagðar tillögur að samþykktabreytingum taka mið af kjarasamning ASÍ og SA og ábendingum fjármálaeftirlits Seðlabankans.

---

<sup>1</sup> Kom inn með lögum nr. 141/2018 í stað „óflekkads mannorðs“

Ekki skilgreint í lögum eða hæfisreglum nr. 180/2013

Vísad til viðmiðunarreglna Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) og Evrópsku

verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar (ESMA)

„Gott orðspor“ skilgreint í reglum FME um framkvæmd hæfismats framkvæmdastjóra og stjórnarmanna

fjármálafyrirtækja nr. 150/2017

Úr reglum nr. 150/2017 (7.gr.):

„Við mat á góðu orðspori er litið til þess hvort framkvæmdastjórar og stjórnarmenn hafi sýnt af sér háttsemi, athöfn eða athafnaleysi, sem gefur tilefni til að draga í efa hæfni þeirra til að standa fyrir traustum og heilbrigðum rekstri eða að líkur séu til að þeir muni misnota aðstöðu sína eða skaða fjármálafyrirtækið.“

Við matið er einnig litið til háttsemi aðila sem kynni að rýra trúverðugleika hans og skaða orðspor

fjármálafyrirtækisins ef opinber væri. Í því sambandi koma m.a. til skoðunar fyrri afskipti Fjármálaeftirlitsins vegna starfa aðila eða vegna starfshátta eftirlitsskylds aðila sem hann var í forsvari fyrir eða bar ábyrgð á og hvort fyrri háttsemi hafi gefið tilefni til ávirðinga á hendur aðila.“

\*\*\*

Stjórn leggur því til framavitnaðar breytingar á samþykktum sjóðsins, þ.m.t. nýja gr. 5.4 þar sem fram kemur að óheimilt sé að afturkalla umboð stjórnarmanns á kjörtímabilinu nema einhverjar þær aðstæður eru uppi þar sem stjórnarmann brestur hæfi skv. lögum eða samþykktum til að gegna starfa sínum, eins og áður var vikið að. Þá er því lýst hvernig staðið skuli að slíkri afturköllun og hvaða heimildir til undanþágu skuli gilda um skipan nýs stjórnarmanns. Minnt skal á að stjórnarmenn eru bundnir eigin sannfæringu um störf sín að gættum þeim lögum og reglum sem um starfsemi lífeyrissjóða gilda og eðlilegt að störf þeirra séu endurmetin við endurnýjun umboðs í fulltrúaráðum launamanna og atvinnurekenda.

\*Tillögur til breytinga eru auðkenndar með lit.